

Tillaga að
STARFSLEYFI

Landeldi á laxfiskum

**Matorka ehf.,
vestan Grindavíkur svæði i5**

Lögheimili:

Hlíðarsmára 6, Kópavogi,

Kt.: 500412-0540

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Matorku ehf., kt. 500412-0540, fyrir landeldi á laxfiskum á svæði i5 vestan Grindavíkur. Matorka ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði breytingar á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Húsatóftum svæði i5 í vestan Grindavíkur. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 6.000 tonn.

Bendi niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp að mati Umhverfisstofnunar getur hún einhliða endurskoðað eldisfyrirkomulagið.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana, frávíkæða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnun, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Ennfremur skal áætlunin tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni í starfsstöðinni eða lóð hennar. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef starfsemi samræmist ekki gildandi deili- eða aðalskipulagi.

Við endurskoðun starfsleyfis skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar getur útgefandi krafist endurskoðunar starfsleyfisins.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður og önnur viðeigandi gögn samkvæmt grein 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingarstefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn og fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfseminni í samræmi við gildandi skipulag. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþætta mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskopdrætt í Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegur tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisvatnsins. Sjá grein 3.1.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, sbr. 7. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennsli. Viðunandi rennsli einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslið sé viðunandi. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslið.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur.
- Frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti.
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum greinar 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. grein 3.4, má ekki vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar í vatnshlot nr. 104-1222-C¹. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi strand og hafsvæðis hvað varðar líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó grein 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennslisli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um varnir geng mengun vatns. Frárennslisli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög um veiðar og dýravernd.

3.9 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er og skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang.

¹ Vatnshlotanúmer eru skilgreind skv. III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er flokkunin aðgengileg á Vatnavefsjóni (vatnshlota vefsjá) Veðurstofu Íslands.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Áætluninni skal vera skilað fyrst til eftirlitsaðila ekki síðar en eftir gildistöku starfsleyfis, til samþykktar. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs.

Annað fastefni sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýta eins og kostur er. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli eldisstöðvarinnar og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. grein 2.6.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaukning ársins og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3.,
- magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- tæmingu olúgildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði
- lyfjagjöf.

4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður því er veitt til sjávar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli og losun næringarefna

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD₅). Mæla skal magn heildarfósórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni.

Mæla skal magn heildarfósórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.5.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir breytingum á vöktunaráætlun.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársyfirlit sbr. gr. 4.4 ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi og gildir til xxxxxxxx.

Með gildistöku þessa starfsleyfis falla úr gildi eldra starfsleyfi Matorku ehf. frá 16. mars 2016, fyrir allt að 3.000 tonna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík xxxxxxxx

Umhverfisstofnun

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- • Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að mæla efnainnihald eldisvatns í frárennsli fyrst þegar lífmassi er í hámarki árið eftir að starfsleyfi hefur verið gefið út. Síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að skila mælingu á heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári við inntak í stöðina og við útrás.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Um ákvörðun losunarmarka:

- i. Umhverfisstofnun hefur í grein 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (10,0 kg/tonn). Samkvæmt ákvæðum greinar 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í grein 3.5 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.
- iii. Mælingar á lífrænu efni í grein 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.

Viðauki I



Staðsetning eldisins samkvæmt leyfi.